

Skólaráðsfundur 23. október 2018.

Mætt: Kristín, Sissa, Jóna Kristín, Ellen og Helgi.

Fjarverandi: Linda Rós og Erlendur Steinar

Fundarefni:

1. Sýn og stefna Oddeyrarskóla
2. Niðurstöður lesfimiþrófa
3. Fundarskipulag skólaráðs

1. Kristín útskýrir fyrir nýjum meðlimum um hvað skólaráð snýst, hvað við gerum og fleira. Snýr að innra starfi skólans og fleira. Ræddi um heimsókn norræna skólahópsins og hvað þau voru ánægð með skólaheimsóknina.
2. Fyrir hvað stendur þessi skóli? Hver er sýn skólans? Farið yfir glærur og rætt. Eins áherslur skólans.
3. Farið lauslega yfir niðurstöður lesfimiþrófa. Minnti á að við erum bundin trúnaði, við ræðum ekki það sem fer fram á fundi. Kristín útskýrir aðeins hvað við erum að skoða með þessum prófum, við erum að bera okkur saman við landið. Við fáum bara niðurstöður fyrir okkar skóla, en berum okkur saman við landið.
4. Það eru fleiri kannanir teknar, eins og til dæmis skólapúls nemenda og foreldra. Hvetur nemendur í skólaráði til að koma með tillögur að einhverju sem að mætti kanna.
5. Segir frá að þessir fundir séu á 4 - 6 vikna fresti, en þar sem að þessi sé aðeins seinna verður styttra á milli næst. En niðurstaðan varð samt sú að það eru 4 vikur í næsta fund sem verður föstudaginn 23. nóvember kl 11:15.

Sýndi þeim hvar þau geta leitað upplýsinga um skólaráð á heimasíðu skólans.

Fundi slitið 13:00.